

GMR Endurvinnslan ehf.
Marteinn Mátsson skiptastjóri
Lágmúli 7
108 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2019
UST201901-206/gf
08.14.02

Varðar vettvangsferð í eftirlit 2019 – stálvinnsla GMR Endurvinnslunnar ehf. á Grundartanga.

Þann 23. maí sl. fór fram eftirlit með starfsleyfi stálvinnslu GMR Endurvinnslunnar ehf. á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru gerðar:

1. Farið var fram á að skiptastjóri þrotabúsins sendi Umhverfisstofnun afrit af áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða varanlegar lokunar sem skal liggja fyrir í gögnum búsins.
2. Farið var fram á að skiptastjóri þrotabúsins láti fjarlægja rafgeyma af baklóð verksmiðjunnar.
3. Farið var fram á að skiptastjóri þrotabúsins láti skoða teikningar af lóð verksmiðjunnar svo komast megi að því hvort einhver hreinsivirki í fráveitu, s.s. olíuskilja, finnist á lóðinni.
4. Farið var fram á að skiptastjóri þrotabúsins láti skoða lóðarmörk á baklóð verksmiðjunnar og yfirfari hvort úrgangur á baklóðinni hafi dreifst yfir á aðliggjandi lóðir.

Tvö frávik komu fram.

1. Grænt bókhald og útstreymisbókhald vegna ársins 2018 hafa ekki borist til Umhverfisstofnunar.
2. Rekstraraðili hefur ekki ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar eins og tilskilið er.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. júlí 2019.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Einar Halldórsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	23.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	GMR Endurvinnslan ehf	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Marteinn Másson	ÍSAT nr.	24.5
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Fjórar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá GMR Endurvinnslunni ehf. á Grundartanga. Marteinn Másson skiptastjóri þrotabúsins var fulltrúi rekstraraðila en Einar Halldórsson og Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

GMR Endurvinnslan ehf. er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 27. febrúar 2014 og gildir það til 2025. Félagið fór í þrot í janúar 2017 og hafði þá öllum 17 starfsmönnum rekstraraðila verið sagt upp. Marteinn Másson lögmaður er skiptastjóri þrotabúsins. Skiptastjóri hefur starfsmann á sínum snærum sem vaktar svæðið og heldur tækjabúnaði við. Ákveðnar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að slys eða óhöpp verði ekki á lóðinni og mengun berist ekki til sjávar.

Dagskrá:

- Fundur
 - Grein 1.5 í starfsleyfi, gangsetningu og stöðvun rekstrar
 - Grein 3.4 í starfsleyfi um skil á grænu bókhaldi og ústreymsibókhaldi
 - Umgengni á lóð
 - Staða búnaðar
- Skoðun í verksmiðjunni.

Skoðun

Ákveðið var að byrja eftirlitið á skoðun. Snyrtilegt er um að litast á framlóð verksmiðjunnar. Stórsekkir og ker hafa flest verið færð inn í hús. Einn gámur stendur framan við hús sem reyndist of þungur fyrir flutningatæki og er verið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að ekki rigni ofan í hann með hættu á að útskolun sigvatns út á lóðina. Eins er nokkuð af ónotaðri framleiðsluvöru (járnbitar) framan við hús en ekki er hættu á mengun vegna þeirra. Hálfgámar með flokkuðum úrgangi standa einnig á framlóðinni.

Innandryra var nokkur óreiða á hlutum, búnaður og hráefni fylla stóran hluta verksmiðjuhússins. Allt var þurr og þó nokkuð væri um að þurr hráefni væru í lekum pokum þá er ekki mengunarhætta af þeim.

Gengið var um bakdyr út úr húsinu þar sem þrýstihylki fyrir fljótandi gas voru á steypu undirlagi. Ekki verður séð að af þeim stafi hætta.

Notaðir rafgeymar stóðu bakatil á lóðinni og þarf að farga þeim eða færa inn fyrir dyr þar til niðurstaða er komin í afdrif verksmiðjunnar.

Baklóðin er í vondu ástandi. Haugar af óhreinu bráðnuðu og óbráðnuðu járn, margar deiglug og önnur ker eru á mjög grófu yfirborði baklóðarinnar. Að sögn fulltrúa rekstraraðila hefur þó einhver tiltekt átt sér stað og ýmislegt verið fjarlæggt. Enn eru þó nokkrir hálfgámar og efnabambar fjær. Mikið sér í timbur og plastleifar í grófjafnaðri baklóðinni.

Ekki var betur séð en úrgangur frá starfsemi verksmiðjunnar hafi verið dreift út á aðliggjandi lóðir. Mæla þyrfti upp lóð verksmiðjunnar og taka til á aðliggjandi lóðum Faxafloahafna ef úrgangur er farinn að flæða þangað.

Enn eru úrsérgengin vinnutæki við suðurhlið verksmiðjunnar. Rekstraraðili hafði óskað eftir heimild til þess að fresta því að fjarlægja gröfu og lyftara, á meðan reynt er að selja verksmiðjuna.

Fundur

Til umræðu kom áætlun rekstraraðila um frágang vegna rekstarstöðvunar eða lokunar verksmiðjunnar. Samkvæmt grein 1.6 í starfsleyfi skyldi áætlunin liggja fyrir tólf mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins, eða í febrúar 2015. Farið var fram á að afrit af áætluninni yrði send Umhverfisstofnun eins fljótt og skiptastjóri kæmi höndum á hana í gögnum rekstraraðila. Umhverfisstofnun hefur samþykkt að fresta stærri framkvæmdum þar til ákveðið hefur verið hvað verður um verksmiðjuna, en eins og áður segir þarf að koma í veg fyrir slys og óhöpp á lóðinni og að mengun berist ekki út af henni. Spurt var út í fráveitukerfi á lóðinni og hvort einhver þau hreinsivirki væru í frárennslu sem þyrfti að þjónusta s.s. söfnunartankar, síur eða skiljur. Skiptastjóri tók að sér að skoða teikningar og ákveða hvort viðhald á kerfunum

væri þörf.

Fram kom í eftirlitinu að skil á grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi sem krafa er um í grein 3.4 í starfsleyfi rekstraraðila hafa ekki borist stofnuninni. Skráist þetta sem frávík frá kröfum í starfsleyfi.

Hér að ofan hefur verið fjallað um umgengni á lóðinni. Vert er að leggja áherslu á þrjú atriði:

1. Að spilliefni (rafgeymar) séu fjarlægðir eða komið þannig fyrir að hætti stafi ekki af þeim.
2. Að möguleg hreinsivirki í lóðinni séu skoðuð og þjónustuð.

3. Að skoðaðar séu teikningar af lóð verksmiðjunnar og yfirfarið að lóðarmörk á baklóðinni séu virt.

Starfsmaður skiptastjóra hefur eftirlit með búnaði verksmiðjunnar. Engin rekstur hefur nú verið í endurvinnslunni frá því í janúar 2017 og einungis er kveikt á lágmarks kælikerfum til að ofn og tæki fyrirtækisins eyðileggist ekki. Umhverfisstofnun huggðist afturkalla starfsleyfið á árinu 2017 en beiðni kom frá skiptastjóra þrotabús GMR Endurvinnslunnar ehf. um að fresta afturköllun starfsleyfis á grunni þess að engin starfsemi færi þar fram og að nýr rekstraraðili myndi ganga í úrbætur á útistandandi frávikum ef rekstur ætti að fara fram að nýju. Stofnunin samþykkti frestun á afturköllun starfsleyfis. Ákvæði starfsleyfisins eru því í gildi.

Eftir að haft var samband við VÍS - Vátryggingafélag Íslands hf. kom í ljós að ábyrgðartryggingu vegna mengunar hafs og stranda, skírteini nr. 7136563, hefur ekki verið viðhaldið en um það er krafa í grein 4.6 í starfsleyfinu. Skráist þetta sem frávík frá kröfum í starfsleyfi.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

ákvæðum í grein 3.4 í starfsleyfi.

Fyrir 1. maí ár hvert skal skila grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi. Gögn þar um hafa ekki borist til Umhverfisstofnunar.

ákvæði í grein 4.6 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal hafa gilda ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda. Ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar, skírteini 7136563 (VÍS) frá 24. mars 2017, var felld niður 8. október 2018 þar sem greiðsla iðngjalds hafði ekki borist tryggingarfélaginu.

ÁBENDINGAR

Senda skal afrit af áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og varanlegrar lokunar til Umhverfisstofnunar.

Fjarlægja þarf rafgeyma (spilliefni) af baklóð verksmiðjunnar.

Yfirfara þarf teikningar af lögnum í jörðu og athuga með möguleg hreinsivirki sem þarf að tæma og þjónusta.

Yfirfara að úrgangur á baklóð verksmiðjunnar hafi ekki dreifst yfir á aðliggjandi lóðir.

ANNAÐ

Skiptastjóri þrotabúsins hefur samið við Umhverfisstofnun um að frestun verði á eftirfylgni vegna eldri frávíka rekstraraðila þar til lausn er komin í framtíð verksmiðjunnar.

Reykjavík, 24.06.2019

- 1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.


Gottskálk Friðgeirsson